

Alþingi
Erindi nr. P 131/776
komudagur 7.2.2005

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. febr. 2005

Allsherjarnefnd Alþingis.

Frumvarp um br. á lögum um meðferð opinb. mála og lögum um aðför

Í 1. másl. 1. mgr. 3. gr. frumvarps til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og lögum um aðför, nr. 90/1989 (sektarinnheimta o.fl.) segir: „Nú stendur lögregla manni að broti sem hann gengst skýlaust við, skilyrði eru til að ljúka máli samkvæmt því sem segir í 115. gr. og lögregla telur að hæfileg viðurlög við brotinu séu einvörðungu sekt sem fari ekki fram úr 50.000 kr.“

Rétt þykir að breyta framangreindri fjárhæð úr 50.000 kr. í 60.000 kr. Er það einkum vegna samræmingar við frumvarp til laga um fullnustu refsinga sem nú er til meðferðar í þinginu. Í 1. mgr. 72. gr. frumvarpsins er lagt til að sett verði inn í lögin ákvæði um að 60.000 kr. sé lágmarksfjárhæð

fyrir samfélagsþjónustu. Vararefsing verði því ekki fullnustuð með samfélagsþjónustu undir þessari fjárhæð. Þessi fjárhæð tekur mið af 1. mgr.

83. gr. a almennra hegningarlaga um fyrningarfrest, en í ákvæðinu segir m.a. að fésekt undir 60.000 kr. sem ákveðin sé með dómi, úrskurði eða sátt, fyrnist þegar liðin séu þrjú ár frá því að unnt var að hefja fullnustu sektarinnar.

Með kveðju,
Ásgerður Ragnarsdóttir